

From: Ingunn Jónsdóttir
Sent: Fri, 12 Dec 2025 12:27:12 +0000
To: sass@sass.is
Cc: Afgreiðsla SASS
Subject: Boðað til auka aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands bs.
Attachments: Samningur - SASS og SOS - tillaga lögð fyrir aukaaðalfund.pdf, SAMÞYKKT - tillaga að breytingum - lögð fyrir aukaaðalfund.pdf, Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2026.pdf, Fundargerð SOS 10.12.2025.pdf, Dagskrá aukaaðalfundur SOS 16 01 2026.pdf

Sæl öll.

Með þessum pósti er boðað til aukaaðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands bs. (SOS) þann 16. janúar 2026 kl. 11:00. Fundurinn verður haldinn í fjarfundarbúnaði. Dagskrá auk fundargagna eru hér meðfylgjandi.

Fundarboð á Teams verður sent sérstaklega.

Til upplýsinga sendist hér í viðhengi fundargerð stjórnarfundar Sorpstöðvar Suðurlands (SOS) frá 10. desember 2025. Á aðalfundi Sorpstöðvar Suðurlands bs. (SOS) þann 24. október sl. voru samþykktar tillögur stjórnar sem varða breytingu á umgjörð og rekstri SOS með aðkomu SASS. Að fenginni afgreiðslu aðalfundar SOS vegna breytinganna hefur verið unnið að drögum að samningi á milli SASS og SOS henni til samræmis ásamt kostnaðargreiningu, viðauka við fjárhagsáætlun, starfslýsingu viðkomandi starfsmanns o.fl. Vinna þessi hefur átt sér stað með aðkomu formanna og varaformanna stjórna SASS og SOS í samvinnu við framkvæmdastjóra SASS ásamt því að fengin hefur verið aðkeypt lögfræðipjónusta vegna verkefnisins á kostnað SOS.

Á fundi stjórnar SOS þann 2. desember 2025 voru samþykkt drög að erindi til SASS vegna breytinganna á umgjörð og rekstri SOS þar sem óskað var eftir því formlega við stjórn SASS að samþykkt yrði aðkoma SASS að verkefninu í samræmi við fyrirbyggjandi ályktanir aðalfundar SOS og fyrirbyggjandi samningsdrög. Eins og kom fram í fyrra erindi til aðildarsveitarfélaga SASS tók stjórn SASS málið fyrir á fundi sínum þann 5. desember sl. og samþykkti þar aðkomu SASS að verkefninu. Niðurstaða stjórnar SASS hefur verið send aðildarsveitarfélögum SASS til staðfestingar og er fyrirhugað að sveitarstjórnir þeirra hafi tekið afgreiðslu stjórnar SASS vegna málsins fyrir til staðfestingar á sínum vegum þegar að aukaaðalfundi SOS þann 16. janúar nk. kemur.

Á fundinum þann 16. janúar 2026 er fyrirhugað að taka fyrir umræddar breytingar á umgjörð og rekstri SOS. Verða þannig teknar fyrir tillögur að breytingum á samþykktum SOS, tillaga að nýjum þjónustusamningi á milli SOS og SASS, kosning nýrrar stjórnar, tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun ásamt kostnaðargreiningu og til upplýsinga farið yfir afmörkun starfslýsingar fyrir nýjan starfsmann SASS sem mun sinna verkefnum SOS. Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga SOS munu að afloknum aukaaðalfundinum þurfa að taka fyrir á sínum vegum breytingar á samþykktum SOS (2 umræður) og viðauka við fjárhagsáætlun SOS fyrir árið 2026 vegna málsins. Það athugast að ekki er gert ráð fyrir auknum framlögum aðildarsveitarfélaga SOS vegna málsins.

Tilkynna skal um nöfn aðal- og varafulltrúa aðildarsveitarfélaga að lágmarki 1 viku fyrir fundinn og eru aðildarsveitarfélög sérstaklega hvött til að huga að því hvort þörf sé á að taka fyrir tilnefningu fulltrúa á fundinn á fundi sveitarstjórnar með nægum fyrirvara fyrir aukaaðalfundinn.

Sveitarstjórnarfulltrúar og framkvæmdarstjórar aðildarsveitarfélaganna sem ekki eru kjörnir fulltrúar til setu á aukaaðalfundinum hafa heimild til setu fundarins sem áheyrnarfulltrúar. Í ljósi umfjöllunarefnis fundarins eru þessir aðilar sérstaklega hvattir til mætingar á fundinn.

Sé frekari upplýsinga óskað er bent á að hafa samband við undirritaða.

Vinsamlega staðfestið móttöku.

Kærar kveðjur,

Ingunn



Ingunn Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri

e. CEO

gsm 695 0420

sími 480 8200

SASS

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

e. Association of Municipalities in South Iceland

Austurvegi 56 Selfossi

800 Selfossi